

Erla Elísdóttir (1932-2010), húsmóðir og Leifur Tómasson (1932-1995), verslunarmaður, Akureyri

Afhending 2020/63

Erla Elísdóttir fæddist þann 24. maí 1932 á Gimli í Reyðarfirði og lést 16. apríl 2010 á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Foreldrar hennar voru Jón Elís Árnason, f. 20. mars 1902, d. 29. apríl 1987 og Guðrún Bjarney Valdórsdóttir, f. 24. desember 1912, d. 16. apríl 1961. Erla átti tvo bræður og eina uppeldissystur.

Erla menntaði sig sem hjúkrunarkona og starfaði sem slík í nokkur ár. Þegar Erla kom til Akureyrar í verklegt ná við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri kynntist hún verðandi eiginmanni sínum, Leifi Tómassyni.

Leifur Tómasson fæddist þann 5. mars 1932 og lést 23. nóvember 1995. Foreldrar Leifs voru Tómas Þórbergur Steingrímsson, f. 6. nóvember 1909, d. 1. júlí 1996 og Nanna Ottósdóttir Tulinius, f. 13. desember 1911, d. 12. mars 1986.

Leifur lauk gagnfræðaprófi á Akureyri vorið 1949 og stundaði nám við Grundtvigs Folkehøjskole í Hillerød í Danmörku veturinn 1949-1950. Árið 1952 lauk hann íþróttakennaraprófi frá Laugarvatni og hélt svo aftur erlendis í nám, til London, þar sem hann nam verslunarfræði veturinn 1953-1954.

Leifur var afreksíþróttamaður og fékk ýmis verðlaun, meðal annars fyrir spretthlaup. Árið 1957 lenti hann í slysi sem batt endi á íþróttamannsferil hans en hann tók þátt í íþróttastarfi þó að hann hafi hætt keppnum.

Leifur sat einnig í stjórn Varðar, félags ungra sjálfstæðismanna á Akureyri og gegndi formannsstarfi í nokkur ár. Faðir Leifs, Tómas Steingrímsson, stofnaði Heildverslun Tómasar Steingrímssonar árið 1936 og þar starfaði Leifur mestan hluta starfsævi sinnar. Árið 1989 var verslun Tómasar sameinuð Lindu hf. og lauk þar með störfum bæði Leifs og Tómasar hjá fyrirtækinu, en Leifur hafði rekið það nokkur síðustu árin á undan.

Árið 1973 stakk Leifur upp á þeirri hugmynd við nokkra aðra skíðamenn á Akureyri að halda skíðamót fyrir börn á aldrinum 7 – 12 ára. Fyrsta slíka mótið var haldið árið 1976 og fékk heitið Andrésar Andar leikarnir. Mótið hefur verið haldið árlega síðan þá fyrir utan 2003 vegna snjóleysis og 2020 og 2021 vegna heimsfaraldurs covid-19.

Erla og Leifur giftu sig 23. september 1955 og bjuggu alla sína hjúskapartíð á Akureyri. Þau eignuðust fimm börn, tvo syni og þrjár dætur.

Afhendingin barst frá Þóru Leifsdóttur og er fjórða afhendingin frá þessum skjalamyndurum. Aðrar afhendingar frá þeim eru 2011/48, 2019/27 og 2019/76.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

24. nóvember 2021

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

2020 / 63

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

A-Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson

A-Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson

1905 - 2001

A	1	1	1972 - 1972	Bikar til að þakka Leifi Tómassyni fyrir störf sín við ÍBA á 40 ára afmæli hans.
A	2	1	1992 - 1992	Steinn með platta þar sem KA þakkar Leifi fyrir gott starf.
A	3	1	-	Minolta myndavél.
A	4	1	1975 - 1975	Pappamyndir af Andrésí Önd, Mikka Mús, Guffa og Plútó.
A	5	1	1968 - 1984	Stórir verðlaunapeningar frá skíðamóti Íslands 1968 og frá Andrésar Andar leikum 1983/1984; afmælispeningur ÍBA 30 ára 1944-1974, þakkarpeningur frá KA.
A	5	2	1933 - 1962	Litlir verðlaunapeningar; 2 nælur gefnar út í tilefni af 100 ára afmæli Akureyrarbæjar; 1 næla óþekkt.
A	5	3	1982 - 1982	Platti, til Leifs Tómassonar frá skíðaráði Akureyrar, í tilefni af 50 ára afmæli Tómasar.
A	5	4	1982 - 1982	Silfuraskja, til Leifs Tómassonar frá ÍBA, í tilefni af 50 ára afmæli Tómasar.
A	5	5	1968 - 1968	Silfurbikar, Íslandsmeistari í stökki 17-19 ára.
A	5	6	1968 - 1968	Silfurbikar, Íslandsmeistari í norrænni tvíkeppni 17-19 ára.
A	5	7	1984 - 1984	Peningur „stuðningur við knattspyrnudeild KA“
A	5	8	-	Platti merktur K.A., speglaður.
A	6	1	1982 - 1982	Silfurdiskur „K.A. þakkar glæsta keppni, kennslu og farsæla íþróttaförystu um langt árabíl“
A	6	2	1992 - 1992	Silfurdiskur, til Leifs Tómassonar frá Andrésar Andar nefnd SRA, í tilefni af 60 ára afmæli hans.
A	6	3	1992 - 1992	Platti, til Leifs Tómassonar frá K.A., í tilefni af 60 ára afmæli hans.
A	6	4	1991 - 1991	Minningarsteinn „Andrésar Andar leikarnir 15 ára“
A	7	1	1913 - 1913	Innbundnar myndir af ávarpi.
A	7	2	1948 - 1949	Skóladagar (skólaminningabók) Erlu Elísdóttur.
A	7	3	-	Þrjár ljósmyndir, líklega frá Alþýðuskólanum á Eiðum af Erlu og skólafélögum hennar.
A	7	4	1949 - 1950	Skóladagar (skólaminningabók) Erlu Elísdóttur.
A	7	5	1949 - 1950	Skóladagar (skólaminningabók) Erlu Elísdóttur.
A	7	6	1948 - 1949	Minningar frá Eiðum.
A	7	7	1938 - 1938	Skrifbók nr. 2 frá Leifi Tómassyni „Leifur gaf afa“ 20/3/1938
A	7	8	1957 - 1957	Bænabók smábarna.
A	7	9	1905 - 1905	Bók „Litli barnavinurinn“
A	7	10	2000 - 2000	Eiðakveðja 2. árg. 1. tbl; bekkjamót 50 ára Eiðakandidata 1951-2001; dagskrá; bréf varðandi bekkjamótið; á Eiðaskóla, minningar frá Eiðum eftir Heimi Þór, sent til Erlu; söngbók fyrir bekkjamótið.
A	7	11	2000 - 2000	Ljósmyndir frá bekkjamótinu fyrir Eiðakandidata, haldið 2000.

Erla Elísdóttir (1932-2010) og Leifur Tómasson (1932-1995)

2020 / 63

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A	7	12	2000 - 2000	Ljósmyndir frá bekkjamótinu fyrir Eiðakandidata, haldið 2000.
A	7	13	2001 - 2001	Ljósrit af bréfi frá Heimi Þór Gíslasyni til Erlu Elísdóttur.
A	7	14	-	Ljósmyndir af fólki.
A	8	1	1910 - 1983	Bráðabirgðabyssuleyfi fyrir Leif Tómasson, 1932; giftingarleyfi Tómasar Þorberg Steingrímssonar og Nönnu Tulinius, 1931; verslunarleyfi handa Tómasi Steingrímssyni fyrir heildverslun, 1969 og stórvöruverslun 1936 og 1976; verslunarleyfi handa Tómasi Steingrímssyni fyrir smávöruverslun 1949 og 1969; hlutabréf, bæði úr eigu Tómasar Steingrímssonar og Leifs Tómassonar, 1955, 1973, og 1983; boðskort á vorsýningu Myndlistarskólans á Akureyri; „Yfirdómarinn, sjónleikur í 5. þáttum (6. sýningum)“ sett upp af Kvenfélaginu Hjálpin, 1956; sálmaskrá fyrir Rögnu Tulinius (1896-1920); ljóð til Ottós Tulinius og Valgerðar Tulinius á silfurbrúðkaupsdegi þeirra 3. ágúst 1920; fundarboð; K.A. merki og veifa; fæðingar- og skírnavottorð fyrir Tómas Þorberg Steingrímsson f. 1910, vottorðið frá 1922; fæðingar- og skírnavottorð fyrir Nönnu Tulinius f. 1911, s. 1912, vottorðið frá 1921; formlegt fæðingar- og skírnavottorð fyrir Nönnu Tulinius f. 1910, vottorðið frá 1927; reikningur af dönskum spítala; póstkort til Páls Pálssonar frá Páli Ben., 1910; reikningur fyrir vörukaupum Páls Pálssonar, 1926.
A	8	2	1972 - 1972	Afmæliskveðja til Leifs Tómassonar frá K.A.
A	8	3	1984 - 1984	Þakkarkort frá Skíðaráði Akureyrar til Leifs Tómassonar.
A	8	4	-	Ljósmyndir, aðallega af fólki, nokkrar landslagsmyndir.
A	8	5	-	Ljósmyndir, aðallega af fólki, nokkrar landslagsmyndir.
A	8	6	-	Ljósmyndir, aðallega af fólki, nokkrar landslagsmyndir.